

**FSP hf.
og
VBS fjárfestingarbanki hf.**

GÖGN UM SAMRUNA FÉLAGANNA

Efnisyfirlit

| | |
|--|---|
| Samrunaáætlun | 2 |
| Greinargerð stjórnar FSP hf. vegna samrunans | 3 |
| Greinargerð stjórnar VBS Fjárfestingabanka hf. vegna samrunans | 4 |
| Yfirlýsing endurskoðanda | 5 |
| Drög að stofnefnahagsreikningi | 5 |

Samrunaáætlun

Þann 9. mars 2007 var á stjórnarfundum stjórna félaganna FSP hf., kt. 510400-2670, Skógarhlið 12, 105 Reykjavík og VBS Fjárfestingabanka hf. kt. 621096-3039, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík gerð svohljóðandi áætlun um samruna félaganna.

1. Stjórnir félaganna eru sammála um að sameina félögin undir nafni VBS Fjárfestingarbanki hf. á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samþykktir VBS Fjárfestingabanka hf. munu gilda um hið sameinaða félag. Heimilisfang hins sameinaða félags verður að Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík.
2. Eignahlutföll í hinu sameiginlega félagi skulu vera þannig að núverandi hluthafar í VBS Fjárfestingabanka hf. skulu eiga 52% hlutafjár í sameinuðu félagi og hluthafar í FSP hf. 48%. Skal hlutafé VBS Fjárfestingabanka hf. hækkað um kr. 199.116.923 að nafnvirði áður en að sameiningu kemur í því skyni að afhenda núverandi hluthöfum í FSP hf.
3. Sameiningin miðast við 1. janúar 2007. Telst réttindum og skyldum FSP hf. lokið frá og með þeim degi. Við sameininguna renna allar eignir FSP hf. inn í VBS Fjárfestingabanka hf. Við samrunann verður FSP hf. afskráð.
5. Réttindum og skyldum yfirtekna félagsins FSP hf. skal reikningslega teljast lokið 1. janúar 2007 og frá þeim degi tekur VBS Fjárfestingabanki hf. við öllum tekjum og greiðir öll gjöld vegna FSP hf.
6. Hvorki hluthafar, stjórnendur, lánardrottinn né aðrir skulu njóta sérstakra réttinda eða hlunninda umfram aðra, sbr. 5. og 6. tölulið 120. gr. laga nr. 2/1995.
7. Stjórnir félaganna eru sammála um að veita Sigurði Jónssyni, endurskoðanda hjá KPMG hf. og Jónasi Rafn Tómassyni lögfræðingi hjá KPMG hf. umboð til að annast tilkynningu og framkvæma hugsanlegar lagfæringar eða breytingar á skjölum sem kunna að vera nauðsynlegar til að samruninn nái fram að ganga.

Til staðfestu áætlun þessari undirrita hann stjórnir VBS Fjárfestingabanka hf. og FSP hf.

Reykjavík, 9. mars 2007

Í stjórn
FSP hf.

Í stjórn
VBS Fjárfestingabanka hf.

Greinargerð stjórnar VBS Fjárfestingabanka hf. vegna samruna við FSP hf., sbr. 121. gr. laga nr. 2/1995

VBS Fjárfestingarbanki hf. hefur þann tilgang samkvæmt samþykktum sínum að veita fjármálaþjónustu Á stjórnarfundum í FSP hf. og VBS Fjárfestingabanka hf. þann 9. mars 2007. var samþykkt áætlun um að sameina félögin með þeim hætti að VBS Fjárfestingabanki hf. yfirtæki FSP hf. miðað við 1. janúar 2007 og að FSP hf. yrði slitið frá sama tíma.

VBS fjárfestingarbanki hf. fékk seint á árinu 2005 leyfi til að starfa sem fjárfestingarbanki. Þetta leiddi til þess að á árinu 2006 breyttust áherslur bankans talsvert og hefur meðal annars verið markvisst unnið að því að búa til arðbært safn útlána en í árslok 2006 voru útlánin 9.251 millj. kr. 78,7% af heildareignum bankans. Stjórn bankans hefur undanfarna mánuði rætt með hvaða hætti væri hægt að styrkja bankann enn frekar á þeim harða samkeppnismarkaði sem hann starfar á. Með samruna við FSP fæst þekking og þjónustuframboð sem bankinn hefur ekki í dag. Þá verða einnig til mun öflugri tengsl við sparisjóðina á Íslandi með samrunanum en hluthafar FSP eru flestir sparisjóðirnir á Íslandi auk Icebank hf.

Tilgangur með samrunanum er því að búa til öflugan fjárfestingarbanka sem getur boðið viðskiptavinum sínum víðtæka þjónusta og sú þjónusta verði í hæsta gæðaflokki.

Eignahlutföll í hinu sameiginlega félagi eru ákvörðuð út frá bókfærðri eiginfjárstöðu þeirra í árslok 2006, núverandi starfsemi og þeim möguleikum sem sameinað félag gefur umfram það að reka félögin sitt í hvoru lagi. Skal hlutafé VBS Fjárfestingabanka hf. hækkað um kr. 199.119.923 að nafnvirði áður en að sameiningu kemur.

Meðfylgjandi eru drög að samrunaefnahagsreikningi miðað við 1. janúar 2007 þar sem koma fram allar eignir og skuldir í hvoru félaganna um sig og þær breytingar sem samruninn mun hafa í för með sér.

Reykjavík, 9. mars 2007

Stjórn VBS Fjárfestingabanka hf.

Greinargerð stjórnar FSP hf. vegna samruna við VBS Fjárfestingabanka hf., sbr. 121. gr. laga nr. 2/1995

FSP hf. hefur þann tilgang samkvæmt samþykktum sínum að kaupa og selja verðbréf og fasteignir, lánastarfsemi og umsýsla tengd þeim viðskiptum. Á stjórnarfundum í FSP hf. og VBS Fjárfestingabanka hf. þann 9. mars 2007. var samþykkt áætlun um að sameina félögin með þeim hætti að VBS Fjárfestingabanki hf. yfirtæki FSP hf. miðað við 1. janúar 2007 og að FSP hf. yrði slitið frá sama tíma.

Innan stjórnar FSP hefur ítrekað verið fjallað um samrunann, bæði á stjórnarfundum og eins milli funda. Ljóst er að mikil samkeppni ríkir á þeim markaði sem bæði FSP og VBS starfa á. Almennt séð má segja að þróunin sé í þá átt að einingar stækka og þjónustuframboðið breikkar. Fyrir hluthafa í FSP fylgir því verulegur kostur að VBS hefur leyfi sem fjárfestingarbanki. Jafnframt er VBS með safn útlána sem er liðlega 9 milljarðar. Slíkt er góður grunnur til þess að byggja á til frekari vaxtar, einkum í sameinuðu félagi. Þá hefur VBS starfað á íslenskum fjármálamarkaði í rúmlega tíu ár og hefur skapað sér nafn á þeim vettvangi.

Tilgangur með samrunanum er því að búa til öflugan fjárfestingarbanka sem getur boðið viðskiptavinum sínum víðtæka þjónusta og sú þjónusta verði í hæsta gæðaflokki.

Eignahlutföll í hinu sameiginlega félagi eru ákvörðuð út frá bókfærðri eiginfjárstöðu þeirra í árslok 2006, núverandi starfsemi og þeim möguleikum sem sameinað félag gefur umfram það að reka félögin sitt í hvoru lagi. Skal hlutafé VBS Fjárfestingabanka hf. hækkað um kr. 199.119.923 að nafnvirði áður en að sameiningu kemur.

Meðfylgjandi eru drög að samrunaefnahagsreikningi miðað við 1. janúar 2007 þar sem koma fram allar eignir og skuldir í hvoru félaganna um sig og þær breytingar sem samruninn mun hafa í för með sér.

Reykjavík, 9. mars 2007

| |
|----------------|
| Stjórn FSP hf. |
|----------------|

Stjórnir
VBS Fjárfestingabanka hf. og FSP hf.

Reykjavík, 7. mars 2007.

**Efni: Sérfræðiskýrsla vegna samruna FSP hf. við VBS Fjárfestingabanka hf.,
sbr. 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög**

Við höfum kannað samrunaáætlun framangreindra félaga, dags. 9. mars 2007 og viljum í því sambandi taka eftirfarandi fram:

Samkvæmt samrunaáætluninni hafa stjórnir félaganna samþykkt að leggja fyrir hluthafafundi félaganna að sameina FSP hf. við VBS Fjárfestingabanka hf.

Við samrunann fá hluthafar í FSP hf. hlutabréf í VBS Fjárfestingabanka hf. að nafnverði kr. 199.119.923 í skiptum fyrir hlutafé að nafnverði 1.818.666 kr. í FSP hf.

Fyrir liggja greinargerðir stjórna félaganna um samrunaáætlunina. Við mat á skiptihlutföllum milli hluthafa í félögunum er miðað við bókfært eigið fé félaganna samkvæmt ársreikningum þeirra 31. desember 2006, en verulegur hluti eigna félaganna er bundinn, með beinum eða óbeinum hætti, í skráðum hlutabréfum, kröfum og handbæru fé. Við ákvörðun skiptihlutfallsins hefur verið höfð hliðsjón af skráðu markaðsverði hlutabréfa í öðrum hliðstæðum félögunum og fjárhagslegri stöðu þeirra. Þá hefur verið litið til annarra fjárhagslegra þátta og núverandi starfsemi hvors félags fyrir sig.

Það er álit okkar að skiptihlutfallið og gagnkvæmt endurgjald sé eðlilega ákvarðað og sanngjarnt miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar og að það sé efnislega rökstutt.

Ekki verður séð að samruni FSP hf. við VBS Fjárfestingabanka hf. rýri á nokkurn hátt möguleika lánardrottna félaganna á fullnustu krafna sinna.

Virðingarfyllst,

KPMG hf.